



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. desember 2023

2312012SA VRB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu, 535. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 30. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 535. mál.

Um er að ræða endurskoðun á landsskipulagsstefnu en hún er unnin með hliðsjón af gildandi landsskipulagsstefnu, áherslum innviðaráðherra og samráði við sveitarfélög, íbúa sveitarfélaga þ.m.t. ungt fólk, ráðuneyti og aðra hagaðila. Þá er horft til annarra stefna og áætlana stjórnvalda sem áhrif hafa á þróun byggðar og landnýtingu.

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og er útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar og haf- og strandsvæða.

Afstaða sambandsins

Í stefnumótun sambandsins fyrir 2022-2026 segir m.a.:

Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða og ná til alls lands sem og haf- og strandsvæða.

Skipulagsvaldið og sú ábyrgð sem því fylgir er sambandinu, og sveitarfélögum almennt, því afar hugleikið og sú afstaða sambandsins skýr að takmarka skuli allt inngríp í skipulagsvaldið. Eðli málsins samkvæmt var lögfesting landsskipulagsstefnu á sínu tíma því umdeild á sveitarstjórnarstiginu enda ber sveitarfélögum að taka mið af henni við gerð skipulagsáætlana sinna og rökstyðja ef svo er ekki gert.

Sú stefna sem hér er lögð fram er afrakstur viðamikils samráðs, m.a. við sveitarstjórnarstigið eins og nánar er rakið í þingsályktuninni. Ekki er hægt að segja annað en að góð sátt sé á sveitarstjórnarstigi um þá framtíðarsýn sem gengið er út frá, þ.e. að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið. Vissulega geta þó verið skiptar skoðanir um leiðir að þeirri framtíðarsýn.

Fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög og endurskoðun ráðstöfunar skipulagsgjalds

Framfylgd stefnunnar fer fyrst og fremst fram í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga og gerir stefnan því miklar kröfur til sveitarfélaga um að horfa til

hinna ýmsu þátta við skipulagsgerð sína. Í greinargerð með stefnunni er sérstaklega fjallað um áhrif á sveitarfélögin og bent á að í ákveðnum tilfellum kunni stefnan að setja nýjar kröfur á sveitarfélög. Hins vegar séu settar fram aðgerðir sem miði að því að útvega sveitarfélögum verkfæri sem ætlað er að draga úr kostnaðaráhrifum nýrra krafna. Formlegt kostnaðarmat á áhrifum stefnunnar hefur því ekki farið fram og því erfitt fyrir sveitarfélögin að átta sig á þeim kostnaði sem stefnan hefur í för með sér. Í greinargerð með þingsályktuninni segir einnig að nú sé að ljúka vinnu við að endurskoða álagningu og ráðstöfun skipulagsgjalds til sveitarfélaga þar sem gagnrýni hefur komið fram er varðar annars vegar skiptingu þess milli sveitarfélaga og hins vegar að einungis hluti gjaldsins renni til skipulagsgerðar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði skipulagsmála samkvæmt fjárlögum. Sambandið leggur mikla áherslu á að þessari vinnu ljúki sem fyrst sbr. eftirfarandi áherslu í stefnumótun sambandsins:

Núverandi fyrirkomulag við ráðstöfun skipulagsgjalds verði tekið til endurskoðunar. Tekjur af skipulagsgjaldi renni að fullu til sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar þeirra.

Aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Í stefnunni er einnig að finna aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 og er þar að finna 19 aðgerðir. Sambandið væntir að samstaða sé á sveitarstjórnarstiginu um margar þeirra, t.d. aðgerðir er lúta að því að búa til grunngögn og leiðbeiningar sem nýst geta sveitarfélögum við skipulagsgerð. Þó er ljóst að sumar aðgerðir eru umdeildar og verður krefjandi að ná samstöðu um eins og t.d. aðgerð 4 sem lítur að því að einfalda ákvarðanatöku um þjóðhagslega mikilvæga innviði flutningskerfa.


Að lokum

Samband Íslenskra sveitarfélaga lýsir heilt yfir ánægju með samstarf við ráðuneytið um þingsályktunina og það samráð sem átt hefur sér stað við gerð hennar. Jafnframt hvetur sambandið Alþingi til að rýna vel þær umsagnir sem berast frá landshlutasamtökum og einstökum sveitarfélögum.

Í framhaldinu leggur sambandið mikla áherslu á að verkefni sem ráðist verður í á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar verði kostnaðarmetin, þar sem það á við, og fjármögnun þeirra tryggð. Jafnframt verði eftirfylgni með aðgerðaáætluninni markviss. Að öðrum kosti er hætt við að verkefni nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur